



Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 566

komudagur 14 / 12 1992

Reykjavík 11. desember 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
Reykjavík

Heiðruðu nefndarmenn!

Stjórn Blaðamannafélagsins þakkar tækifærið að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um skattamál, 286 mál, sem Efnahags- og viðskiptanefnd er nú með til umfjöllunar.

Af þeim fjölmörgu breytingatillögum við núverandi lög sem frumvarpið tekur til, sér stjórn BÍ fyrst og fremst ástæðu til að gera alvarlegar athugasemdir við það ákvæði 43. gr. er snertir viðauka við 14. gr. gildandi laga. Sú tillaga að ætla að leggja 14% virðisaukaskatt á afnotagjöld útvarps og sjónvarps, blöð og bækur er að mati BÍ stóralvarlega atлага að allri frjálsri fjölmiðlun í landinu.

Blaðamannafélagið vísar til meðfylgjandi bréfs sem sent var öllum alþingismönnum á dögnum þar sem sérstaklega er tekið á þessum þætti málsins.

F.h. Blaðamannafélagsins

Lúðvík Geirsson form.

Meðfylgjandi:  
Bréf til þingmanna frá BÍ  
dags. 7. des. 1992



Reykjavík 7. desember 1992

Agæti þingmaður!

Stjórn Blaðamannafélags Íslands telur brýna ástæðu til að vara alvarlega við þeirri tillögu ríkisstjórnarinnar að taka upp 14% virðisaukaskatt á ljósvakamiðla frá næstu áramótum og prentmiðla frá miðju næsta ári. Hér er um að ræða stórauknar álögur á alla fjölmiðlun í landinu sem getur haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar. Það væri ekki aðeins skammssýni heldur stóralvarlegur atburður ef þessar tillögur stjórnvalda ná fram að ganga.

Blaðadauði er orðinn staðreynd hérlendis, fjárhagsstaða margra útgáfufyrirtækja er mjög erfið um þessar mundir og umtalsvert atvinnuleysi er meðal blaðamanna í fyrsta sinn í 95 ára sögu Blaðamannafélagsins. Í stað þess að treysta og styrkja stöðu íslenskra fjölmiðla og efla þá í stóraukinni samkeppni við erlenda miðla, hvort heldur er í blaðaútgáfu eða ljósvakamiðlun, þá virðast stjórnvöld stefna markvisst að því að draga sem mest úr innlendri fjölmiðlun.

Nýjar og auknar álögur á blaðaútgáfu eru vísasti vegurinn til að auka enn frekar á atvinnuleysi blaðamanna, og þeirra fjölmörgu annarra sem starfa á einn eða annan hátt við fjölmiðla. Slík atлага að útgáfustarfsemi í landinu er um leið atлага að frjálstri skoðanamyndum og lýðræðislegri umræðu, þar sem einungis örfáum fjársterkum aðilum er gert kleyft að standa fyrir útgáfustarfsemi og annarri fjölmiðlun.

Furðu vekur að alþingismenn, sem fyrir aðeins örfáum árum beittu sér fyrir afnámi einokunar ríkisvaldsins á sviði útvarpsrekstrar, skuli nú standa að tillögum sem öllum má vera ljóst að munu sérstaklega skaða þann einkarekstur, sem komist hefur á legg á þess sviði. Harma ber að þingmenn ætli með umræddri skattheimtu að hætta á að kippt verði fótunum undan innlendri dagskrárgerð einkaaðila og tefla um leið í tvísýnu störfum tuga fjölmiðlamanna. Nær væri að treysta grundvöll þessa rekstrar sem þrátt fyrir ójafna samkeppnisstöðu við ríkisútvarp, hefur á undanfórnum árum reynst einn helsti vaxtarbroddur íslenskrar fjölmiðlunar og uppspretta nýrra atvinnutækifæra.

Stjórn Blaðamannafélagsins gerir þá kröfu til þingmanna að þeir standi vörð um íslenska fjölmiðlun og treysti um leið lýðræðislega umræðu í landinu.